

Matvælastofnun,  
Þór Gunnarsson  
Austurvegi 64  
800 SELFOSS

Garðabær, 14. mars 2014  
2014020034/42-0  
TB, GG, KHS  
jgo/tb

### Umsókn Icelandic Mussel Company ehf. um skeldýrarækt í Kollafirði


Við er til bréfs frá Matvælastofnun, dags. 26. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Icelandic Mussel Company ehf. um leyfi til skeldýraræktar í Kollafirði.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir innsend gögn. Málið allt er mjög óljóst hvað varðar magn, svæði (allur fjörðurinn), umgengni, eftirlit og vöktun o.s.frv. Óljóst er hvort gert er ráð fyrir mikilli eða óverulegri röskun á sjávarbotninum. Einnig segir að ætlunin sé að fylgjast með því hvort einhver "breyting verði á botninum undir ræktuninni" en það er ekkert skýrt nánar. Ekkert kemur fram um lífríki fjarðarins í tengslum við að bæði er gert ráð að rækta á línunum og á botni. Í Kollafirði er arnarsetur (Drangar / Kollafjarðarnes) þar sem arnarpar hefur haldið til þó ekki hafi það verið á hverju ári. Þá er dílaskarfsvarp skammt utan línu (Skarfasker) en dílaskarfar eru mjög viðkvæmir fyrir truflunum. Draga ætti amk 500-1000 m línu utan um þessa staði, enda er rými nægt annars staðar í firðinum. Með framangreindum skilyrðum og að hér er um tilraunaleyfi að ræða gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við að leyfið verði veitt en gera verður ráð fyrir að upplýsingar um ræktunarstaði og t.d. botndýralíf og hugsanleg áhrif þar á liggi fyrir þegar og ef farið verður út í ræktun samkvæmt nýtingarleyfi.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

